

## Áætlun um sjálfsmat Lundarskóla 2010 –2015

<b>Tilgangur og markmið</b>	<p>Sjálfsmat er lagaleg skylda skv. grunnskólalögum</p> <p>Megintilgangur sjálfsmats Lundarskóla er að afla á skipulegan hátt upplýsinga um skólastarfið og að meta hvernig tekist hefur að fylgja markmiðum námskrár skólans.</p> <p>Á grundvelli niðurstaðna verður gerð umbótaáætlun og unnið markvisst að úrbótum samkvæmt henni. Umbótaáætlun er hluti af starfsáætlun skólans og skorkorti.</p>
<b>Afmörkun – Hvað á að meta?</b>	<p>Gert er ráð fyrir að aðalinntak sjálfsmatsins næstu fimm ár verði eftirfarandi.</p> <p>2010-2011 jafnrétti í skólastarfi</p> <p>2011-2012 lýðræði</p> <p>2012-2013 teymiskennsla</p> <p>2013-2014 foreldrasamstarf</p> <p>2014-2015 nemendur</p> <p>Að auki er á hverju ári metið hvernig gengur að uppfylla einkunnarorð skólans: <b>Lundarskóli, þar sem okkur líður vel.</b></p>
<b>Hverjir koma að matinu?</b>	<p>Þróunarstjórn Lundarskóla er matsnefnd skólans. Hlutverk hennar er að setja upp áætlun og bera ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt henni.</p> <p>Í þróunarstjórn eru: deildarstýrur og tveir kennara.</p> <p>Starfsmenn, foreldrar og nemendur verða beðnir að taka þátt í könnunum og mati eftir því sem ástæða er til.</p>
<b>Tími</b>	<p>Eitt af hlutverkum þróunarstjórnar er vinna við sjálfsmatið.</p> <p>Þróunarstjórn fundar eftir þörfum allt skólaárið og tekur sjálfsmat með í alla vinnu. Í öllum áætlunum sem gerðar eru er gert ráð fyrir mati og þannig aflar stjórnin upplýsinga, vinnur úr niðurstöðum og gerir tillögur að umbótum. Sjálfsmatsskýrslu skilar stjórnin og kynnir í upphafi hvers skólaárs. Tillögur að umbótum renna síðan inn í skorkort skólans, símenntunaráætlun og starfsáætlun skólans.</p>
<b>Fastir matsþættir</b>	<p>Mat foreldra á ákveðnum þáttum innan skólastarfsins fer fram að vori.</p> <p>Kannanir meðal starfsfólks, foreldra og nemenda eru í samvinnu við Akureyrarbæ.</p> <p>Starfsfólk metur öðruvísi daga skólans t.d. göngudag, litlu jól, árshátíð, vettvangsdaga og fjölgreindarleika Viðkomandi nefndir taka saman niðurstöður úr því mati og nýta við skipulag viðburðarins næsta skólaárs.</p>
<b>Aðferðir – gagnaöflun</b>	<p>Upplýsinga verður aflað með spurningalistum, merkingum á gátlista, SVÓT greiningu, viðtölum, rýnihópum og umræðumati.</p>
<b>Úrvinnsla</b>	<p>Gögn verða sem mest sett upp á tölvutæku formi. Þróunarstjórn ber ábyrgð á úrvinnslu gagna. Leitað verður til starfsfólks skólans og utanaðkomandi aðila varðandi ýmsa þætti matsins, svo sem til skipulagningar, úrvinnslu og túlkunar.</p>
<b>Niðurstöður – árangur</b>	<p>Þróunarstjórn fer yfir niðurstöður, vegur þær og metur, greinir þær og kemur þeim í form til birtingar.</p> <p>Þróunarstjórnin túlkar niðurstöður matsins, metur áreiðanleika</p>

	<p>Þess og þeirra mælitækja sem notuð eru auk þess að setja fram umbótaáætlun sem tengist símenntunaráætlun, skorkorti og starfsáætlun skólans.</p> <p>Leitað verður aðstoðar annarra í þessari vinnu eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa.</p>
<b>Skýrsluskrif</b>	Í matskýrslu verða tilgreindir þeir þættir sem matið nær yfir, sagt frá tilgangi matsins, aðferðum við gagnaöflun lýst, greint frá helstu niðurstöðum og túlkunum, umbótaáætlun skýrð og sett fram skipulag varðandi framkvæmd hennar og mat.
<b>Kynning</b>	Sjálfsmatsskýrslur verða kynntar á starfsmannafundi í skólanum, á fundi með skólaráði og settar á heimasíðu skólans.
<b>Kostnaður</b>	Allur kostnaður fellur á skólann.